

BÍÓ ★ PARADÍS

KVIKMYNDAUPPLIFUN Í 15 ÁR



MEÐ STUÐNINGI:



Reykjavíkurborg



- Yfir 90% af kvikmyndatitlum í boði frá Hollywood
- Enginn staður fyrir minni innlenda kvikmyndagerð
- Ekkert kvikmyndamenningarhús
- Engar skólasýningar
- Ekkert kvikmyndahús í miðbæ Reykjavíkur



Heimili kvikmyndanna sjálfseignarstofnun stofnuð


- Bíó Paradís opnaði í byrjun september 2010
- Fyrsta og eina kvikmyndamenningarhúsið á Íslandi
- Sjálfseignarstofnun án hagnaðarsjónarmiða
- Stofnað af fagfélögum í kvikmyndagerð
- Eina kvikmyndahúsið í miðbæ Reykjavíkur



2010-2025

Nokkrar staðreyndir um starfið

- Sýnt yfir 5000 kvikmyndir frá yfir 70 löndum
- Sýnt yfir 450 íslenskar stutt- og heimildarmyndir
- 1.000.000+ gestir í húsið
- 100.000+ nemendur á skólasýningar
- Meðlimur í Europa Cinemas (2011)
- Meðlimur í CICAIE (2013)




Mikilvægir þættir í starfsemi Bíó Paradísar

- Aðgengi að fjölbreyttum verðlaunakvikmyndum frá öllum heimshornum, klassískum kvikmyndum og lykilverkum kvikmyndasögunnar
- Vettvangur fyrir sýningar á íslenskum kvikmyndaarfi og nýrri íslenskri kvikmyndagerð, heimildamyndum og stuttmyndum
- Kvikmynda- og menningarlæsiskennsla
- Aðgengi að menningu annarra landa
- Vettvangur fyrir kvikmyndahátíðir og menningarhátíðir
- Vettvangur fólks af erlendum uppruna á Íslandi
- Vettvangur fyrir fagfólk í kvikmyndaiðnaði á Íslandi
- Samkomustaður og umræðugrundvöllur hópa og félagasamtaka



Fastir liðir í Bíó Paradís

- Svartir sunnudagar
- Föstudagspartísýningar
- Alþjóðleg barnakvikmyndahátíð
- Þýskir kvikmyndadagar
- Pólskir kvikmyndadagar
- Frönsk kvikmyndahátíð
- Stockfish kvikmyndahátíðin
- Rómönsk Amerísk kvikmyndahátíð
- Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs
- Evrópskur kvikmyndamánuður





BÍÓTEKIÐ

Samstarfssýningar Bíó Paradísar og Kvikmyndasafns Íslands sem hófust 2021.

Þá hafði ekki verið neinn sýningarvettvangur fyrir safnkost Kvikmyndasafns Íslands síðan sýningar lögðust af í Bæjarbíó Hafnarfjarðar árið 2013.

Dagskrá allan daginn hvern fyrsta sunnudag í mánuði á niðurgreiddu miðaverði.

Spennandi dagskráliðir einsog „Ísland á filmu“ og sérvíðburðir í samstarfi við Kvikmyndasafnið.

 Íslenskar heimildamyndir Blóði (1975) – 20 mín. Eldsmúrinn (1982) – 38 mín.	 Heimildamyndir eftir Þorgeir Þorgeirson Máður og verksmíja (1962) – 10 mín. Róður (1972) – 18 mín. Grænlandsflug (1966) – 15 mín.	 Louisiana Story Robert J. Flaherty 1948
kl. 15:00 24. september	kl. 17:00 24. september	kl. 19:30 24. september
 Humanity and Paper Balloons 1937	 Sansho the Bailiff 1954	 The Ballad of Narayama 1983
kl. 15:00 22. október	kl. 17:00 22. október	kl. 19:30 22. október
 Ísland á filmu: Vigfús Sigurgeirsson 1936 – 1976	 Rakkauden risti 1946	 Aguirre, the Wrath of God 1972
kl. 15:00 19. nóvember	kl. 17:00 19. nóvember	kl. 19:30 19. nóvember
 City Lights 1931	 Foxtrot 1988	 Sensuela 1973
kl. 15:00 3. Desember	kl. 17:00 3. Desember	kl. 19:30 3. Desember

MIÐVIKUDAGSBÍÓ

Á hverjum miðvikudegi kl 14:00 síðan 2022

Tilvalið til að rjúfa félagslega einangrun einstaklinga sem eru hættir að vinna, eru tímabundið ekki á vinnumarkaði, eða vinnur á óvenjulegum tímum

Erum í samstarfi við Laugarás geðmeðferðardeild og bjóðum sérstaklega félagsmiðstöðvar eldri borgara, dagsetur, hjúkrunarheimili og iðjubjálfun velkomin.

Miðvikudagsbíó er handhafi hvatningarverðlauna Öryrkjabandalags Íslands 2023

Miðvikudagsbíó hefur verið sérstaklega líflegt í vetur þar sem við höfum fengið leikstjóra til að kynna myndir, haldið hraðstefnumót eldri borgara og eldri borgaradiskó ásamt danskennslu.



AÐGENGI OG INNGILDING


Bíó Paradís fór í umfangsmiklar framkvæmdir sumarið 2020 og sumarið 2022.

Í seinni áfanganum 2022 voru byggðir rampar, sett lyfta inn í sal 2 og 3, byggt sérstakt salerni fyrir hreyfihamlaða, og gerð hjólastólastæði í öllum sölunum.

Aðgengið var unnið í samstarfið við Mannvit verkfræðistofu og Svövu Jónsdóttur arkitekt sem sérhæfir sig í aðgengi fatlaðra

Við erum búin að leggja tónmöskva fyrir heyrnarskerta í alla sali.

Einnig voru öll salernin endurnýjuð



AÐGENGI OG INNGILDING

Bíó Paradís hefur verið í samstarfi við Kino Usmev í Slóvakíu og menningarsjóð EEA um að opna Bíó Paradís fyrir einstaklingum sem annars færu ekki í bíó. Þetta verkefni hélt svo áfram með Europa Cinemas 2024 og 2025.

Bíó Paradís er fyrsti og eini aðilinn á Íslandi sem hefur sjónlýst kvikmyndir fyrir blinda. Árið 2024 stóð Bíó Paradís fyrir sjónlýsingu á kvikmyndinni *Snerting* sem var svo frumsýnd á afmæli Blindrafélagsins í ágúst það ár.

Bíó Paradís hefur verið í samstarfi við Alzheimer samtökin við starfsfólk hefur verið þjálfað í að þjónusta einstaklinga með heilabilun. Haldnar hafa verið bíósýningar sem aðstæður henta einstaklingum með heilabilun og fjölskyldum þeirra.

Bíó Paradís hefur boðið uppá fjölmargar skynvænar sýningar fyrir fólk á einhverfurófi, barnasýningar fyrir einhverf börn og partísýningar fyrir fólk með tourettes og fólk með fjölbætta fötlun.

Bíó Paradís hlaut aðgengishvatningu ungÖBÍ, Fjólublátt ljós við barinn, aðgengisviðurkenningu Reykjavíkurborgar og samfélagslampa Blindrafélagsins 2024.

Bíó Paradís fyrir alla!



Skólasýningar í samstarfi við Reykjavíkurborg

Sýningar fyrir leikskóla og grunnskóla

- Oddný Sen, kvikmyndafræðingur stýrir verkefninu
- Kennsluefni í boði fyrir kennara til að nota eftir sýningar
- Kvikmyndalæsi meginþema
- Yfir 80.000 börn komið á sýningar
- Yfir 900 sýningar frá upphafi



Skólasýningar í samstarfi við Reykjavíkurborg

	Grunnskólar	Framhaldsskólar	Barnahátíð skólasýningar	Samtals
Fjöldi nemenda 2016 - 2017	3,206	0	1,297	4,503
Fjöldi nemenda 2017 - 2018	7,034	1,408	1,586	10,028
Fjöldi nemenda 2018 - 2019	7,081	2,321	1,207	10,609
Fjöldi nemenda 2019 - 2020	4,170	0	962	5,132
Fjöldi nemenda 2020 - 2021	1,790	0	0	1,790
Fjöldi nemenda 2021 - 2022	2,253	334	1,203	3,790
Fjöldi nemenda 2022 - 2023	6,403	1,401	1,744	9,548
Fjöldi nemenda 2023 - 2024	3,033	4,818	1,862	9,713
Fjöldi nemenda 2024 - 2025	3,234	1,125	1,675	6,034
		Takmarkanir vegna COVID byrja vorið 2020		
		Sýningar lögðust af haustið 2019 vegna samningsleysis		
		Vantar tölur		
		þarna vantar tölur fyrir vorönn skólasýninga í Bíó Paradís		

Alþjóðleg barnakvikmyndahátíð í Reykjavík

12 ára árangursrík saga

- Áhersla á skapandi kvikmyndagerð frá öllum heimshornum
- Einnig áhersla á aðgengi allra barna, en boðið er uppá fríar skólasýningar, vinnusmiðjur og námskeið án aðgangseyris
- Árið 2023 var fyrst boðið uppá skólasýningar fyrir börn úti á landi í samstarfi við „List fyrir alla“ og yfir 1300 börn tóku þátt
- Yfir 80 barnamyndir frá 40+ löndum
- Valdar kvikmyndir talsettar og textaðar á íslensku
- Frú Vigdís Finnbogadóttir er verndari hátíðarinnar



Pólska samfélagið og fólk af erlendum uppruna í Bíó Paradís

- Allar myndir í Bíó Paradís eru sýndar með íslenskum og enskum texta til skiptis.
- Bíó Paradís byrjaði að sýna nýjar pólskar kvikmyndir 2017
- Pólska samfélagið er nú 15 – 25% af heildaraðsókn Bíó Paradísar
- Nýjar pólskar myndir eru frumsýndar 2 – 3 sinnum í mánuði í Bíó Paradís
- Bíó Paradís er orðin snar þáttur í menningarlífi fólks af erlendum uppruna á Íslandi



BÍÓ★PARADÍS

KVIKMYNDAUPPLIFUN Í 15 ÁR

- Árið 2024 **markaði tímamót** í sögu Bíó Paradís með **metaðsókn gesta**, þar sem bíóið náði loks langþráðu markmiði sínu um að **selja yfir 60 þúsund bíómiða!**
- Árangurinn byggir á metnaðarfullri dagskrárgerð og nánun samtali við áhorfendur. Nýjir dagskráliðir litu dagsins ljós, „**Kvöldstund með..** „, þar sem kvikmyndagerðarfólki er boðið í náíð spjall, og sériðburðir svo sem **hundabíó, hraðstefnumót og miðilsfundir** slógu í gegn!
- Bíó Paradís var valið eitt af 22 svölustu kvikmyndahúsum veraldar að mati tímaritsins Variety í byrjun árs 2025.
- Húsið er eina kvikmyndarmenningarhús landsins og hefur sannað sig sem einstök menningarperla með mikið aðdráttarafl.
- Framkvæmdir eru yfirstandandi í húsinu til að laga gólf og annað aðkallandi viðhald, sem mun auka aðdráttarafl hússins sem áfangastaðar. Þær eru fjármagnaðar með láni frá Arion banka .



MEÐ STUÐNINGI:



BÍÓ★PARADÍS

KVIKMYNDAUPPLIFUN Í 15 ÁR



MEÐ STUÐNINGI:



	JAN	FEB	MAR	APR	MAY	JUN	JUL	AUG	SEP	OCT	NOV	DEC	Total
Rauntölur fjöldi													
Fjöldi miða 2010	0	0	0	0	0	0	0	0	643	2,588	4,221	2,723	10,175
Fjöldi miða 2011	3,248	3,412	4,401	2,929	1,842	1,894	1,951	2,615	3,744	4,696	4,209	2,304	37,245
Fjöldi miða 2012	2,454	3,235	5,149	5,124	3,567	1,742	2,802	4,096	4,700	2,439	3,993	1,952	41,253
Fjöldi miða 2013	3,463	3,865	5,974	4,447	2,400	1,414	1,394	3,901	4,373	1,918	3,308	2,034	38,491
Fjöldi miða 2014	3,278	2,315	4,315	3,838	1,876	1,052	1,760	1,821	1,172	2,522	2,590	1,404	27,943
Fjöldi miða 2015	2,545	5,616	4,523	3,598	1,777	1,421	2,549	2,818	3,785	6,214	4,164	2,416	41,426
Fjöldi miða 2016	6,709	5,343	4,521	2,896	1,786	1,545	1,711	2,674	5,206	5,556	3,543	3,815	45,305
Fjöldi miða 2017	4,769	5,638	4,836	4,116	1,612	1,959	2,277	2,809	5,554	4,966	5,427	5,141	49,104
Fjöldi miða 2018	5,438	7,110	4,050	5,479	2,637	2,180	3,030	2,833	4,495	7,806	6,187	4,716	55,961
Fjöldi miða 2019	5,625	4,973	3,125	3,928	2,644	1,980	2,646	3,143	4,729	5,670	7,181	5,783	51,427
Fjöldi miða 2020	7,250	9,607	2,510	0	0	0	0	0	1,532	1,057	355	1,185	23,496
Fjöldi miða 2021	1,892	4,012	2,568	1,052	2,023	2,221	1,624	1,853	3,355	3,997	4,740	3,737	33,074
Fjöldi miða 2022	2,566	4,066	3,669	3,550	1,263	0	854	2,581	4,075	7,524	10,554	5,423	46,125
Fjöldi miða 2023	7,559	5,777	5,392	3,486	2,392	3,054	2,063	2,230	6,135	6,326	4,694	5,502	54,610
Fjöldi miða 2024	5,438	4,464	7,259	4,068	2,830	3,041	3,669	3,245	4,641	10,258	6,952	4,481	60,346
Fjöldi miða 2025	6,668	4,902	4,004	3,175	2,562	3,000	4,000	3,500	5,000	10,000	6,952	5,500	59,263

- **Nýjir samningar** við ríki og borg voru gerðir 2020 og stuðningur við húsið er nú um 21% af heildarrekstrarkostnaði. Ráðist var í endurnýjun húsaleigusamnings til 2030 og umfangsmiklar endurbætur á húsnæði.
- Húsnæðiskostnaður hefur hækkað um **151% á tímabilinu**, en upphaflegur samningur gerir ráð fyrir **87% hækkun** á leigu á tímabilinu.
- Endurbætur á húsnæði voru fjármagnaðar með láni frá Arion banka og sjálfsaflafé fóru **25% fram úr áætlun** og lauk ekki fyrr en um áramótin 2022.
- Launakostnaður félagsins hefur hækkað um **35%** á tímabilinu og kostnaður við aðföng um **20%**.
- Komið er að endurnýjun samnings við Menningarráðuneyti í lok árs og mun félagið fara fram á hækkun á samningi, samfara endurnýjun samninga við Reykjavíkurborg fyrir 2026 sem tryggja myndi um 25% hækkun á samningum – opinberir styrkir yrðu því 26% af rekstrarkostnaði hússins á ársgrundvelli.

BÍÓ★PARADÍS

KVIKMYNDAUPPLIFUN Í 15 ÁR



MEÐ STUÐNINGI:

